

1875

50
23ða
júni

Danmörk milli Íslands og utanríkislanda og um sendingar þær, er nú fara milli Íslands og Bretlands hins mikla og Írlands. Hin danska póststjórn hefur álitid sjer skylt að sleppa tilkalli sínu til að leggja á hinar íslenzku brjefsendingar aukagjald það fyrir flutning yfir sjó, sem heimilað er með 3. og 4. gr. samningsins, og til að heimta gjald það, sem getið er um í 10. samningsgrein, undir læsta brjefapoka til utanríkislanda fyrir flutning á sjó án tillits til þess, hvort flutningur þessi eigi sjer stað til Danmerkur eður til Englands, og loksins hefur nefnd póststjórn eptir því, sem á stendur, sleppt tilkalli sínu til að heimta gjald það fyrir flutning á landi yfir Danmörk á brjefsendingum til utanríkislanda, sem getur um í hinni sömu grein. Af þessu leiðir, að hin íslenzka póststjórn muni halda afdráttarlaust öllu burðargjaldi, samkvæmt samningnum fyrir brjef þau, sem borguð eru með íslenzkum póstmerkjum og sendast frá Íslandi til utanríkislanda yfir Danmörk og fyrir þau óborguð brjef, sem koma hina sömu leið frá utanríkislöndum til Íslands; þar í mót mun landflutningsgjald það, sem getur um í 10. gr. verða lagt á brjefsendingar þær, sem fara frá Íslandi til annara landa Bretlandsleiðina.

Hið almenna sambandsburðargjald, sem getur um í 3. 4. og 5. grein optnefnds samnings, er nú ákveðið fyrir Danmörk og Ísland að skuli vera þetta:

a, fyrir brjefsendingar, sem borgað er undir með póstmerkjum	20	aura	fyrir	hver	15	grömm	eða	3	kvint
b, fyrir brjef, sem koma án þess, að goltið hafi verið undir þau	40	—	—	—	—	—	—	—	—
c, fyrir blöð, önnur prentuð mál, sýnishorn af varningi, samningsskjöl m. m.	6	—	—	—	50	—	—	10	—
d, fyrir brjefseðla	10								
e, meðmælingagjald	16								
f, skírteini um að sendingar, sem mælt hefur verið með, hafi verið meðteknar	8								

51

12ta
júli

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu).

Af hinum síðustu skýrslum yðar herra amtmaður, um heilbrigðisástand sauðfjárins í suðurumdæminu sjest, að það hefur ekki tekizt að allækna fjeð í sveitum þeim, er kláði hefur komið fram í næstliðinn vetur. Það er vonandi, að vörðum þeim, sem hafa verið settir með tilstyrk yðar í sumar, verði haldið uppi svo dyggilega, að kláðinn ekki fái að breiðast út yfir svæði það milli Hvítáanna í Árnessýslu og Borgarfirði, sem hann er álitinn að eiga heima á; en það verður nú sem fyrst að búa sig undir það að taka við fjenu í haust á þann hátt og fara svo með það, að kláði sá, sem þá enn skyldi finnast í því, verði upp-rættur með öllu svo tímanlega, að menn þurfi ekki á næsta sumri að óttast samgöngurnar við fjeð úr öðrum hjeruðum.

Jeg álit það vafalaust, að eigi geti orðið spurning um að heita almennum niðurskurði til þessa. Ætti niðurskurður að fara fram nú í haust, mætti hann varla vera á þrengra svæði, en milli beggja Hvítáanna eða í: Selvogs-, Ölfus-, Grímsness-, Þingvalla- og Grafnings-hreppum í Árnessýslu og í allri Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Gullbringusýslu. Samkvæmt hinum síðustu búnaðarskýrslum, sem jeg hef meðtekið, taldist fjeð á þessu svæði í fardögum f. á. 35,320 kindur auk unglamba; en sje nú tekið tillit til að misjafnt muni talið fram og víðast undantekin innstæðukúgildin, og að fjeð muni hafa fjölgað töluvert síðan í fyrra, er sjálfsagt óhætt að ætla, að fje það, sem ætti að slátra, ef almennur niðurskurður yrði fyrirskipaður í haust, mundi teljast að minnsta kosti 70000 kindur og skal

jeg ennfremur í þessu tilliti benda á, að fjeð við skoðun dýralæknis og lögreglustjóra í maímánuði þ. á., í nokkrum hreppum í Gullbringusýslu fannst að vera þar næstum 3svar sinnum svo margt, sem talið hafði verið fram til búnaðartaflnanna í fyrra.

Að skera niður slíkan grúa af kindum mundi valda þeim skaða, er landssjóðurinn, hvað þá heldur amtssjóður einn eða fleiri, eigi gæti risið undir að endurgjalda, einkum ekk í á þessum tíma, þegar mikill partur landsins hefur orðið fyrir stórkostlegum skaða af völdum náttúrunnar.

Jeg verð þannig að ganga út frá því, að hinn eini vegur til að uppræta kláðann að vetri — en veturinn yfir má hann ekki lifa — sju lækningar; og jeg treysti því, að eins og það hefur tekizt, jafnvel fjárríkum sveitum, að útrýma kláðanum hjá sjer með lækningum, eins muni það nú, ef rjettilega er að farið og yfirvöld og alþýða leggjast á eitt til að leiða þetta áriðandi mál til lykta, takast annaðhvort að gjöreya kláðanum á öllu hinu grunaða svæði eða þá að þrengja kláðasvæðið svo, að uppræta megi fyrir sumarmál næsta ár hin- ar síðustu leifar kláðans með niðurskurði.

Jeg skal í þessu tilliti leiða athygli yðar að nokkrum atriðum, sem mjer virðist að framkvæmdarstjórnin einkum verði að hafa fyrir augum:

1. Það verður sem fyrst að sjá um, að nægilegar birgðir verði fyrir hendi í haust af tóbakslegi og af þaðmeðulum, og veitir varla af að panta þau frá útlöndum þegar með fyrsta pósti. Ein hin helzta ástæða til þess, að lækningar hafa heppnast svo illa síðast liðinn vetur, sem raun er á orðin, má einmitt ætla að verið hafi sú, að þær byrjuðu allt of seint, vegna skorts á hinum nauðsynlegu meðulum. Lækningarnar eiga og geta verið um garð gengnar, áður en bændur um kyndilmessuleytið fara að senda vinnumenn sína til sjáfar, enda er hausttíminn og fyrri partur vetrar hinn eini tími, er nokkur víska verður höfð fyrir, að ná öllum sauðkindum til lækningarmedferðar.

2. Jeg verð þannig að álíta það nauðsynlegt, að að minnsta kosti ein almenn höðun á öllu fje milli beggja Hvítáanna fari fram í haust eptir rjettir, síðast um veturnatur; en til þess, að þetta geti átt sjer stað, er það nauðsynlegt, að allir fjáreigendur hafi hús handa kindum sínum og hey til að gefa þeim inni, að minnsta kosti um hálfsmánaðartíma. Jeg vona því, að þjer herra amtmaður gjörði ráðstöfun til, að sjeð verði um það í tókan tíma í hverri sveit milli Hvítáanna, að enginn fjáreigandi á þessu svæði fái að setja sauð- kindur á vetur, nema hann hafi hús og hey handa skepnum sínum, meðan á böðununum stendur, eða geti komið skepnum sínum fyrir hjá mönnum, sem hafa það.

3. Þá skal það tekið fram, að það virðist óumflýjanlegt til þess að fá vissu fyrir að höðun fari fram á öllu fje á hverjum bæ eða í hverju hverfi, að skipta hinum stærri hrepp- um í baðsveitir og skipa yfir þær áreiðanlega baðstjóra. Þetta ætti að fara fram undir tilsjón lögreglustjóra, og vænti jeg þess, að þjer sjáið um, að lögreglustjórar um rjettir eða sem fyrst eptir þær, haldi þing í hverjum hreppi með fjáreigöndum og þar skilmerkilega og greinilega og með ráði hinna beztu bænda skipi fyrir um það, hvernig baðanir eigi að fara fram og hverjir skuli standa fyrir þeim. Eins ætti, þegar komið væri fram á þorra eða fyrri, lögreglustjórar að ferðast um allar kláðagrunaðar sveitir til að rannsaka, hvernig fyrirskipunum hefur verið hlýtt og sjá, hverjar fleiri ráðstafanir þurfi að gjöra.

4. Loksins skal jeg eigi láta þess ógetið, að auk hinna nauðsynlegu fjárskoðana á hinu grunaða svæði fyrir og eptir baðanirnar, mun eigi vanþörf á því, að nákvæm skoðun fari í haust svo tímanlega, sem mögulegt er, fram á öllu fje í hreppum þeim í Árnessýslu, sem nú eru álitnir heilbrigðir, og í sýslum þeim í vesturumdæminu, sem eins og nefndir hreppar hafa þrátt fyrir verðina getað haft samgöngur við fjeð af kláðasvæðinu.

1875

51
12ta
júli.

Skylduð þjer herra amtmaður, eptir að þjer hafid borið yður saman við hlutaðeigandi lögreglustjóra og dýralækni, hafa nokkuð að athuga við þessar bendingar, býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá því. Eins vona jeg að fá frá yður framvegis þangað til ráð má gjöra fyrir því, að kláðanum sje gjöreytt, mánaðarlegar skýrslur um það, sem gjört verður til upprættunar kláðans og kemur fram um heilbrigðisástand sauðfjárins í umdæmum yðar, sjer í lagi býst jeg við, að þjer skýrið mjer frá árangri máls þess, sem mun hafa verið höfðað gegn bóndanum á Efstabœ í Skorradal fyrir óhlýðni gagnvart fyrirskipun yðar um niðurskurð 116 kinda þar á bœ.

5216da
júli.

Brjef landshöfðingja, (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Í brjefi frá 13. þ. m. hafid þjer herra amtmaður, þar sem bóndinn Þorleifur Þorleifsson á Bjarnarhöfn í Helgafellssveit hefur gert fyrirspurn til yðar um það, hvort eigi muni heimilt að stofnsetja fasta verzlun í Kumbaravogi, sem er í landareign nefndrar jarðar, beizt úrskurðar míns um það, hvort nefndur vogur geti álitizt löggiltur verzlunarstaður, og látið þjer jafnframt því það álit í ljósi, að þó ráða megi af einkaleyfislögum og öðrum ákvörðunum um verzlun landsins frá 17. og 18. öld, að verzlun hafi þá verið rekin á Kumbaravogi, leiði það af því, að hann er ekki nefndur í tilskipun frá 11. sept. 1816 nje í opnu brjefi frá 28. desbr. 1836 milli löggiltra verzlunarstaða, að það geti eigi verið leyfilegt að við hafa þar verzlun öðruvísi en á hverjum öðrum stað, sem ekki er löggiltur til verzlunar.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg fellst á það álit, að tilskipun 11. septbr. 1816, með því í 5. og 6. grein sinni að tilgreina hafnir þær, sem kaupmenn mega sigla á, hafi bannað verzlun á öllum öðrum höfnum án tillits til þess, hvort áður hafi verið verzlauð á þeim eður ekki, samanber einnig konungsúrskurði frá 20. maí 1818 og 4. maí 1819, sem löggilda verzlunarstað á Siglufirði, «þó staður þessi sje eigi talinn í tilsk. frá 11. septbr. 1816». Með því nú, að Kumbaravogur, eins og sagt var, er eigi talinn verzlunarstaður í nefndri tilskipun, og hann heldur eigi síðan hefur verið löggiltur, verður eigi veitt leyfi til að stofna þar fasta verzlun.

5321sta
júli.

Brief landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að þjer herra amtmaður í brjefi frá 28. desember f. á. höfðuð beizt úrskurðar míns um, hvort yður ekki samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnartilsk. frá 4. maí 1872 bæri frá 1. janúar 1875 að hætta að greiða úr jafnaðarsjóði suðuramtsins laun þau, sem að undanfögnu hafa verið greidd úr honum handa lögregluþjóni í Reykjavík, skaut jeg, þar sem bæjarstjórnin hafði haldið þeirri skoðun fram, að jafnaðarsjóðurinn yrði eigi undanþeginn þessari skyldu nema með nýju lagaböði, málinu til úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland; og hefur ráðgjafinn nú í brjefi frá 6. þ. m. tjáð mjer, að hann sje mjer samdóma um það, að amtsjafnaðarsjóðurinn geti eigi lengur eptir því, sem fyrirskipað er í hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnartilskipunarinnar um, að Reykjavíkurbær skuli eigi greiða neitt gjald í jafnaðarsjóðinu, verið skyldur að borga hin nefndu laun.

Þetta er með þessu brjefi kynnt yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

5421sta
júli.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 30. f. m. ritað mjer á þessa leið: Jafnframt því að senda mjer erindi, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurum-